



STARFSLÝSING

Yfirmaður	Bæjarverkstjóri
Stofnun / deild	Þjónustu- og framkvæmdamiðstöð

1. Meginviðfangsefni og ábyrgðarsvið

Þjónusta við viðskiptavini þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvar. Sinnir ýmsum störfum og verkefnum þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvar. Þjónusta við aðrar stofnanir bæjarins skv. fyrirmælum yfirmanns.

2. Helstu verkefni

- Þjónusta við viðskiptavini hafnar s.s. binda og losa skip við komur og brottfarir, afgreiðsla vatns, og rafmagns, sorphirða frá skipum, vigtun o.fl.
- Viðhald, hreinsun og snyrting hafnarbakka og annarra hafnarmannvirkja.
- Snjó- og hálkueyðing af hafnarbökkum, bryggjuköntum, pollum og bílvog.
- Þrif í starfsstöð og ábyrgð á að umhverfi sé snyrtilegt og vel um gengið.
- Eftirlit og umsjón með skipakomum, vöruflutningum og öðru því sem um höfnina fer, skráning þeirra og afla í aflaskráningarkerfi Fiskistofu.
- Stjórn á umferð skipa um höfnina og ákvörðun um legustað þeirra, færsla innan hafnar.
- Aðgangsstýring að hafnarsvæðinu og útgáfa aðgangskorta í samráði við yfirmann.
- Tilkynning til bæjarverkstjóra um bilanir og slit til undirbúnings viðhaldi.
- Viðhald öryggisbúnaðar hafnarinnar.
- Aðstoð á dráttarbáti.
- Daglegt viðhald tækja, vinnuvéla og bíla í tækjamiðstöð
- Viðhaldsverkefni á gatnakerfi og mannvirkjum sveitarfélagsins.
- Vinnur almenna verkamannavinnu eftir þörfum og ákvörðun yfirmanns

2.1 Fjármál

- Staðfesting útgjalda á kostnaðarstöðum sem hann ber ábyrgð á.
- Reikningsfærsla fyrir skipagjöldum, vörugjöldum, þjónustu hafnarinnar og annað sem tilheyrir reikningagerð.

2.2 Samskipti

- Við aðra starfsmenn þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvar.
- Við viðskiptavini þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvar

2.3 Önnur verkefni

- Tilfallandi verkefni sem yfirmaður felur honum og skilgreind eru á ábyrgðarsviði hans.

3. Hæfis- og samstarfsmarkmið

3.1 Menntun og reynsla

- Menntun sem nýtist í starfi
- Hafngæslumannsréttindi í hafnarvernd (æskilegt)
- Vigtarréttindi (æskilegt)
- Bílpróf

3.2 Hæfnisþættir

- Góð íslensku kunnátta
- Ensku kunnátta æskileg
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagshæfni.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Áhugi á að taka þátt í teymisstarfi og umbótaverkefnum.
- Færni í að eiga gott samstarf við stjórnendur og samstarfsmenn.

Fjarðabyggð 1. júní 2021

Starfsmaður

Yfirmaður